

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	21.10.2016
Málakjall	00.10.1
Mál nr.	1610250

Um fjárbeiðni Stígamóta fyrir árið 2017

Reykjavík 10.10.16

Ágæta sveitarstjórnarfólk.

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir samstarfi um reksturinn. Stígamót bjóða upp á viðtalsþjónustu og netspjall sem hefur einkum nýst fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Á sl. ári leituðu 677 einstaklingar hjálpar hjá okkur, þar af 330 í fyrsta skipti og fjöldi ráðgjafarviðtala var 2209. Aðstandendur brotaþola voru 57.

Að auki fer fram hjá Stígamótum umfangsmikið starf í sjálfshjálparhópum fyrir bæði konur og karla auk fræðslu og annarra verkefna. Öll þjónusta Stígamóta við brotaþola er ókeypis.

Stígamót hafa í mismiklum mæli boðið upp á þjónustu við fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur. Síðastliðið ár flaug ráðgjafi frá Stígamótum austur á land hálfsmánaðarlega og komust færri að en vildu. Þjónusta var líka við íbúa á Suðurfjörðum Vestfjarða, fyrri hluta ársins, en á haustmánuðum var þjónustan veitt á Ísafirði. Á þessum svæðum greiddu sveitarfélögin ferðakostnað.

Starfsemin hefur verið aukin og bætt á undanförunum árum. Vitað var að karlar og fatlaðir nýttu ekki þjónustuna sem skyldi. Bætt var úr því með ráðningu karls og sérfræðings í málefnum fatlaðra og hefur það skilað sér í vitundarvakningu og aukinni aðsókn þessara hópa. Jafnframt veitum við ráðgjöf í gegnum netið sem nýtist fólki utan höfuðborgarsvæðisins vel.

Mikil umræða á samfélagsmiðlum um kynferðisofbeldi hefur skilað sér í aukinni aðsókn og stefnir í metaðsókn í ár ef fram heldur sem horfir.

Gert hefur verið gæðamat á þjónustunni þar sem mældir voru þættir eins og sjálfvirking, þunglyndi, streita og kvíði hjá okkar fólki áður en viðtöl hófust og eftir a.m.k. fjögur ráðgjafarviðtöl. Í ljós kom marktæk bót á öllum þáttum, sem ætti að vera fólki hvatning til þess að leita sér hjálpar.

Rekstur Stígamóta er algjörlega háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Enn einu sinni skorum við á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemd og virðingu
f.h. Stígamóta

Guðrún Jónsdóttir

Guðrún Jónsdóttir
talskona Stígamóta

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun Stígamóta fyrir árið 2017



Fjárhagsáætlun Stígamóta fyrir árið 2017

<u>Rekstrargjöld:</u>	<u>ársreikn</u> <u>2015</u>	<u>framreikn</u> <u>v/2016</u>	<u>áætlun</u> <u>2017</u>
Laun og launatengd gjöld	79.628.609	81.000.000	90.000.000
Húsnæðiskostnaður	9.592.241	8.000.000	10.000.000
Rekstur skrifstofu	2.025.860	1.700.000	2.500.000
Ferðakostnaður	920.430	500.000	1.500.000
Tæki, áhöld, viðhald búnaðar	2.014.584	2.200.000	2.000.000
Kynning, námskeið, ráðst.útgáfa	1.700.582	3.000.000	3.000.000
Fjáraflanir	4.035.722	5.000.000	5.000.000
Annar kostnaður	6.638.504	5.700.000	7.000.000
	106.556.532	107.100.000	121.000.000

Rekstrartekjur:

Fjársýsla ríkisins - áætlað á fjárlögum	-72.000.000
Styrkir frá sveitarfélögum	-15.000.000
Styrkir aðrir	-20.000.000
	-107.000.000

Sá hluti rekstrar sem fé vantar til:

14.000.000
